

Þeir Grettir brenna nú Glám að köldum kolum og sjá hann aldrei við dagsbirtuna; en annar eins vitmaður og Grettir, hefði óefað áttað sig, hefði hann látið það bíða dags að brenna „Glám“, og séð þá, að þetta var ísbjörn en engin a'turganga.

Og nú finst mér tími til kominn, að láta bæði björninn og Gretti njóta sann-

mælis. Og sögumennina líka; því að það villir sýn á allri sögunni, að halda að Glámsþáttur sé tómur uppspuni. En hinsvegar mega menn ekki gera sér svo kærar neinar hjátrúarsögur, að þeir vilji ekki beita skynseminni; enda verða sögurnar þeim mun merkilegri sem menn skilja þær betur.

21. 3.

Framfaraskilyrði Íslendinga.

Ritgerðir mínar eru að nokkru leyti rannsóknir á íslenzku menningarástandi og íslenzkri skynsemi. Beztu lesendur mínir eru beztu Íslendingarnir. Og eg er viss um, að þeir eiga fyrir sér að verða góðir lesendur.

I.

Það væri undarlegur Íslendingur, — leyfi annars ástæður honum að vera dálítið skynsamur — sem hefði ekki hug á fortíð þjóðar sinnar og á framtíð heunar. Það er gaman að lesa um þessa landnámsmenn, sem svo margir voru nefndir hinn rammi, hinn sterki, hinn spaki, og áttu þó miklu fleiri slík heiti en höfðu; og það verður enn þá meira gaman, þegar þú hugleiðir, að þú er sjálfur hold af holdi þessara manna og bein af þeirra beinum. Sérhver Íslendingur nútímans er niðji *allra* þeirra manna, sem í sögunum eru nefndir og afkomendur eiga.

Þegar eitthvert ofurmagn heimskunnar, einhver skortur á mannúð og velvild, eitthvert meiri háttar skynleysi í athöfn, ræðu eða riti, kemur mér til að efast um framtíð þjóðarinnar, þá er Landnáma bezta bókin til að styrkja mig aftur í trúnni. Því að náttúrufræðin kennir mér, að þetta vit og afl, sem sagt er af í sögunum, og ýmislegt fleira gott, sem meira er sagt af óbeinlínis en beinlínis, það getur ekki verið aldauða, eins og Baldvin Einars-son hefir bezt skilið af öllum Íslendingum, heldur leynist það með þjóðinni, og það má græða það upp, það verður að græða það upp, ná því

fram aftur, ef íslenzka þjóðin á ekki að líða undir lok án þess að hafa náð tilgangi sínum.

Og hver er svo sljór, að áhugi hans á framtíðinni aukist ekki, og hann liti ekki nokkuð öðrum augum á samtíðarmenn sína en áður, ef hann hefir það hugfast, að eftir nokkur hundruð ár verður öll íslenzka þjóðin hans niðjar, ef hann á annars nokkra. Það á fyrir þér að liggja, lesandi góður, þó að þér þyki nú ef til vill ekki að öllu leyti gott að hugsa til þess, að blanda blóði við allt þetta fólk, sem þér finst stundum komi þér lítið við, og þú gerir stundum meira illt en þú þyrftir, og minna gott en þú gætir. Og jafnvel þótt þú eigir ekki börn, þá er framtíð þjóðarinnar ekki þýðingarlaus fyrir þig, eins og ef til vill verður vikið að í annað sinn, þó að það sé erfiðara að rekja. Væri nú þetta, sem eg hefi minnst á, og sitthvað fleira, ljósara mönnum en er, þá væri ýmiskonar samtök og hjálpssemi algengari og einlægari en nú er; einlæginn kæmi þegar mönnum skildist, að þeir væri að vinna að sínum eigin framtíðarhag. Og hver mundi hjálpa eftir því, sem honum væri bezt lagið, og hann væri rikur til; sumir eru öðrum auðugri að fé, aðrir að þekkingu og velvild. Og hvar ætti að geta komið upp þjóð, sem ætti það nafn skilið, til fulls, fremur en hér, þar sem menn eru skyldari, og skilja betur hverir aðra að jafnaði, en í nokkru öðru landi.

En ekki skaltu þó vera viss um, að eg sé að segja, að þú skiljir svo sérlega vel aðra, eða þeir þig, ennþá.

II.

Í ritgerð frá 1772 „um hina fráleitu næringu ungbarna á Íslandi“ (dissertatio de perversa infantum nutritione in Islandia) segir P. Thorstensen, að varla muni í nokkru landi barnadaudi vera eins mikill og á Íslandi. Tekur hann þar í sama strenginn eins og Eggert og Bjarni í ferðsbók sinni. Þarf varla að efa það, að hinn mikli barnadaudi (og orsakir hans) hefir fremur öllu öðru staðið þjóðinni fyrir þrifum. Og ennþá mun það vera *aðalframfaraskilyrði* þjóðarinnar, að það lærist og auðnist að fara betur með börnin, og þar sé ráð í tíma tekin. Mér finst satt að segja merkilegt, hvað sjaldan er á slík efni minst, þegar talað er um landsins gagn og nauðsynjar; og er mér nær að halda, að ekki komi vizka til.

Hér er margt sem þarf aðgætingar. Hvernig stendur á því t. a. m., að beinkröm skuli vera svona algeng, eða einhver snertur af henni? Síðan prófessor Guðm. Magnússon vakti eftirtekt mína á þessum efnum fyrir nokkrum árum, hefi eg verið að athuga slíkt við og við, og undrast hvað mér hafa virzt þeir fáir, sem ekki bera þess einhverjar menjar, að þeir hafi haft snert af beinkröm. Afleiðingarnar

af beinkröm í barnæsku eru margar og ekki góðar; m. a. virðist af henni stafa að viðbeinin bogna meira en eðlilegt er; en við það þrængist brjósthólgig að ofan og þá verður lungunum hættara.

Og hvernig er um mentun barnanna? Hafa menn nógu vakandi auga á því, að það sem þeir kalla mentun, verði ekki í raun og veru heimskun og heiluspillir? Er ekki byrjað á því að kenna hálfvitum að heita má, eitthvað um sköpun heimsins, um sögu gyðinga, um að almáttugur faðir hafi leyft að sonur hans væri drepinn á grimdarfullan hátt; og ýmsa aðra sautjándu aldar trúfræði. Slíkt og annað eins er að heimska börnin en ekki að menta þau, og þetta ætti a. m. k. að biða þangað til þau eru orðin 13 eða 14 ára. Það kemur ennþá í mig einhver leiði og ógleði, þegar eg hugsa um þær stundir, sem eg á barnsárunum sat yfir kveri og biblíusögum; og svo mun fleirum fara.

En ekki er samt vert að fara að skilja mig svo, sem eg vilji halda því fram, að ekki sé margt gott og fróðlegt í biblíunni, og þá einkum og sér í lagi orð Krists, sem margir þeir virða of litils, sem mest hafa borið nafn hans í munninum.

Það sem á riður, er að leggja sem mesta stund á að kenna börnunum að athuga, og venja þau á að leita að orsakasambandi. Og börnin læra ekki

svolítið í síðfræði, ef þau vita, að sú ánægja er bezt, sem fæst með og eftir fyrirhöfn, og að það verður að forðast eins og fremst er nnt að kvelja nokkra skepnu eða jafnvel angra, þó að ekki virðist nema lítið. Og þar eð það er eitt í trú minni, sem ekki haggast, að réttlætið muni sigra, fyrr eða síðar, svo að hafi eg t. a. m. gert einhverjum ilt, þá muni að því koma, að eg verði að gera honum eitthvað gott í staðinn, bæta honum það, þá virðist mér áriðandi að brýnt sé fyrir börnunum, þegar þau fara að hafa vit á slíku, að geri þau öðrum ánægju, muni þau einhverntíma njóta þess, og geri þau öðrum sorg eða kvöl, muni þau einhverntíma gjalda þess sjálf. En þó efast eg varla um, að slíkri kenning, sem er annars mjög gömul, megi snúa um í vitleysu, eins og svo mörgu öðru, sem hefði getað orðið til góðs. Það er t. a. m. eftirtektarvert, að í margra eyrum þýðir orðið réttlæti nokkurnveginn sama sem harka og mannúðarleysi; og væri slíkt raunar varla furða t. a. m. á Englandi, þar sem 72 þús. manna voru líflátnar eftir dómi, á ríkisstjórnarárum Hinriks 8. — Af bóklærdómi vildi eg leggja mjög mikla áherzlu á að láta læra utanbókar beztu setningar og kafla úr beztu sögunum (Njálu, Egils sögu. Ljósveitningasögu. Heimskringlu, Læxdælsögu o. fl.)

Og enginn má vera alveg ófróður um lungun og um blóðið.

III.

Og að endingu nokkur orð um kennarana. Eru þeir svo virtir og vel haldnir, að þeir geti verið vel ánægðir og þolinmóðir og áhugasamir um börnin? Hafa þeir lært að athuga börnin? Brýna þeir fyrir þeim að grúfa sig ekki svo ofanað bókinni, að þau skemmi í sér augun? (Kennarar ýmsra, sem eru við lestur á landsbókasafninu, hafa auðsjáanlega ekki gert slíkt). Hugsa þeir um hvort börnin muni ekki vera við námið með vota og kalda fætur? Brýna þeir fyrir þeim að hafa ekki opinn

muninn? Það gerir menn svo auðlega, og svo er það miklu hollara að anda eins og rétt er. Kenna þeir þeim þá góða reglu, að gera sig móðan á hverjum degi í góðu lofti, og setja sér það takmark að verða ekki inn um brjóstid. Kenna þeir þeim að fara stundum úr fötunum úti, þegar sólskin og ástæður leyfa og viðra bæði sig og fötin? — Eg vona að þeir verði fáir sem halda, að þessi atriði, sem eg hef nefnt, komi ekki til muna við framförum Íslendinga. Seinna kann að verða minst á fleira.

27. 3.

Smásaga.

Sönn, mikið til.

Eg var úti í skógi og var að skemta mér við kylfusveifur og fleira. Frost var nokkuð, en hjart veður og stílt, og hafði eg farið úr fötunum til að viðra mig og hressa. Þegar eg hafði verið þarna nokkra stund við þessa saklausu og heilnæmu skemtun, kemur þar maður gangandi, svo sem ekkert flónslegur að sjá, á einhverskonar grænleitum ein-kennisbúningi; maðurinn kastar á mig orðum, og spyr mig heldur af þjósti, hvort mér þyki þetta sæmilegt athæfi. Eg var heldur á því að svo væri; að vísu hefði það verið ósæmilegt af mér hefði eg boðist til að skemta mönnum

með ekki fullkomnari fimleikatilraunum, en ekkert væri heldur fjær tilgangi mínum; eg væri að þessu mér til skemtunar og heilsubótar, en staðurinn afvikinn og skógarstígurinn sem var þar ekki alllangt burtu, lítið farinn. Eg komst þá að því, að grænfrakkamaðurinn hugði, að kvenfólki sem um stíginn kynni að fara, gæti staðið einhver voði áf mér. Eg tók því fjarri, gat með sanni sagt, að eg væri með engin illindi við kvenfólk, nema gilduatu ástæður væru til, hvort sem eg væri nakinn eða í fötunum. Ekki var það þá það, sem maðurinn var hræddur við, voðinn sem